

Föstudaginn 21. janúar 1994.

Nr. 27/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Thanh Thoung Bui

(Stefán Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 14. janúar 1994, sem barst Hæstarétti 17. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 14. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Thanh Thoung Bui, kt. 100259-2149, til lögheimilis að Skúlagötu 62, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til mánudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu og hér fyrir dómi hefur kærði viðurkennt að hafa veist að Ragnari Ólafssyni, fæddum 17. júlí 1971, með hnífi í Lækjargötu í Reykjavík aðfaranótt 21. nóvember sl. með þeim afleiðingum, að Ragnar hlaut áverka á hægri upphandlegg. Í læknisvottorði Magnúsar Páls Albertssonar, lækni á slysadeild Borgarspítalans, kemur fram, að áverki sá

sem Ragnar hlaut við hnífstunguna, hafi upphaflega verið lífshættulegur, þar sem upparmsslagæð hafi verið sundur skorin að hluta, og því verið hætt við, að honum blæddi út. Auk þess var taug í handlegg sundur skorin og vöðvar.

Kærði hefur hins vegar neitað að hafa þessa sömu nótt lagt til Hlyns Eggertssonar, fædds 20. nóvember 1973, með hnífi og veitt honum áverka, en í kröfugerð lögreglu er frá því greint, að við rannsókn málsins hafi komið fram upplýsingar, sem renni stoðum undir þann grun, að kærði hafi verið valdur að árásinni á Hlyn eða átt verulegan þátt í henni. Hlynur hlaut verulega áverka af árásinni, en hann var m.a. stunginn í brjóstið. Samkvæmt vottorði Jóhanns Róbertssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, hlaut Hlynur þrjár hnífstungur, hina fyrstu vinstra megin framan til á brjóstakassa, aðra hægra megin framan til á brjóstakassa og hina þriðju á hægri upphandlegg. Kemur fram í vottorðinu, að hrein mildi hafi verið, að ekki fór verr, því að stungur á þessum stöðum, sem gengið hefðu inn í brjóstakassa, hefðu getað leitt til lífshættulegra áverka.

Rannsókn máls þessa er að mestu lokið, og voru gögn þess send embætti ríkissaksóknara þann 10. þ.m. til ákvörðunar. Er beðið niðurstaðna DNA-rannsókna, sem framkvæmdar eru í Englandi, en þeirra mun að vænta um miðjan næsta mánuð.

Brot það, sem kærði hefur viðurkennt að hafa framið, getur varðað hann fangelsi allt að 16 árum samkvæmt 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940. Þá er kærði, svo sem að framan greinir, undir sterkum grun um að hafa þessa sömu nótt framið alvarlega líkamsárás gagnvart öðrum pilti. Ber því með vísan til framanritaðs, rannsóknargagna málsins og skírskotun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Thanh Thoung Bui, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, til mánudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00.